

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2. gr komi ekki til framkvæmda fyrr en núverandi lyfsali lætur af störfum.

*Gjört í Reykjavík, 31. mars 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Svavar Gestsson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. og 4. málslíður 1. tl. 7. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 27/1979, orðist svo:

Þó er fjármálaráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að frá heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa, barnaheimila og leikskóla megi framleiðandi þeirra draga við söluskattsuppgjör tiltekinn hundraðshluta verðsins. Skal frádráttarhlutfallið ákveðið sérstaklega fyrir hin ýmsu afhendingarstig þeirra húsa, sem um ræðir í 3. málslíð, og taka mið af því, að sú verksmiðjuvinna verði undanþegin söluskatti er unnin hefði verið söluskattsfrjáls á byggingarstað við smíði húss á hefðbundinn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. mars 1982.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Ragnar Arnalds.*